



Hafnarfjarðarbær  
Formaður bæjarráðs  
Rósa Guðbjartsdóttir  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 12. desember 2016

## Íslandsmótið í skák í Hafnarfirði 2017

Íslandsmótið í skák er hápunktur íslensks skáklífs ár hvert. Í landsliðsflokki Íslandsmótsins tefla 10-12 sterkustu skákmenn landsins um Íslandsmeistaratitilinn í skák. Það er orðið býsna langt síðan mótið var síðast haldið í Hafnarfirði, en það var árið 2003 þegar teflt var í Hafnarborg. Mótið var haldið fjórum sinnum í Firðinum á árunum 1988-2003 og þótti takast með eindæmum vel. Svo vel að enn þann dag í dag tala skákáhugamenn, sem lögðu leið sína á skákstað, afar vel um það og þá faglegu umgjörð sem Hafnarfjarðarbær átti þátt í að skapa.

Skáksambandi Íslands finnst nú tímabært að halda mótið aftur á Hafnarfirði eftir 14 ára hlé. Skáksambandið óskar því eftir stuðningi bæjarfélagsins við að halda mótið í bænum. Sá stuðningur gæti falist í fríu húsnæði, kaffiveitingum á meðan á móti stendur, fjárhagsstuðningi upp á 500.000 kr. og lokahófi að loknu móti. Skáksambandið mun leggja til alla vinnu við mótið og útvega öll verðlaun. Skáksambandið leggur ávallt mikið upp úr umgjörð þessa móts og mun hún því verða öll hin glæsilegasta.

Í aðdraganda Íslandsmótsins er Skáksambandið reiðubúið, í samvinnu við Skáksskóla Íslands, að standa fyrir skákkennslu í skólum og efna til fjölteflis í bæjarfélaginu í samráði við bæjaryfirvöld og/eða skólayfirvöld.

Mótshaldið tekur um 12 daga og mælum við með mars eða maí sem keppnismánuði fyrir mótið. Dagsetningarnar 8.-19. mars væru t.d. afar hentugar að okkar hálfu. Maí myndi jafnframt henta vel undir mótið. Að sjálfsögðu yrði það tryggt að fulltrúi Hafnarfjarðar yrði meðal keppenda.

Rannsóknir hafa sýnt að skák hefur jákvæð áhrif á börn og bætir námsárangur þeirra. Tilvalið væri því að setja af stað skákátak í bæjarfélaginu í upphafi næsta skólaárs í samvinnu við skólayfirvöld. Mikill árangur hefur náðst í skólaskák undanfarin ár í Reykjavík og Kópavogi. Sama árangri er hægt að ná á Hafnarfirði í góðu samstarfi við skólana og skákfélagið í bænum.

Með von um jákvæð viðbrögð.

Virðingarfyllst,  
Gunnar Björnsson,  
Forseti Skáksambands Íslands  
Netfang: [gunnar@skaksamband.is](mailto:gunnar@skaksamband.is)  
GSM: 820 6533